LÖG

24
20. júní

um

verðlaun fyrir útfluttan gráðaost.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Árin 1923 og 1924 veitast verðlaun úr ríkissjóði til gráðaostabúa, alt að 50 au. fyrir hvert kg. af úrvals (fyrsta flokks) gráðaosti, sem út er flutt, þó ekki yfir 5000 krónur alls hvort árið.

2. gr.

Gráðaostabú, er vilja hljóta styrk, skulu senda umsókn sína fyrir liðið ár til Búnaðarfjelags Íslands innan loka janúarmánaðar árin 1924 og 1925. Umsóknunum skulu fylgja farmskrár frá skipstjóra þeim, er ostinn flutti, eða afgreiðslumanni skips þess, er osturinn var fluttur með, er sýni þyngd hans með umbúðum. Enn fremur drengskaparvottorð framkvæmdarstjóra ostabúanna um „nettó"-þyngd sendinganna, svo og vottorð matsmanna um, að osturinn sje úrvalsvara. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands sendir síðan stjórnarráðinu skjölin ásamt tillögum sínum um úthlutun verðlaunanna, en það sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, og úthlutar verðlaununum.

3. gr.

Stjórnarráðið útnefnir matsmenn eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.